

Ár 2016, þriðjudaginn 6. september er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Helgi R. Magnússyni og Sigurði I. Halldórssyni

Fyrir er tekið málið nr.5/ 2016

Knattspyrnudeild UMF Stjörnunnar

gegn

Knattspyrnudeild FH

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Knattspyrnudeild UMF Stjörnunnar

Kennitala: 580589-1389

Ásgarði, Garðabæ

Kærði:Knattspyrnudeild FH

Kennitala:40169-2760

Kaplakrika, Hafnarfirði

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests. Var hinu kærða félagi gefinn kostur á að gera athugasemdir við kærana. Ekkert svar barst þar að lútandi til Aga- og úrskurðarnefndar.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess leikurinn Stjörnunnar og FH sem fram fór í Íslandsmóti 2. flokki kvenna þann 21. júlí s.l. teljist tapaður fyrir FH 0-3. Af hálfu Stjörnunnar er ekki gerð krafa um að leikmaðurinn verði útskurðaður í leikbann sbr. grein 40.2.

Málavextir:

Kærandi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

„Fimmtudaginn 21. júlí síðastliðinn keppti lið Stjörnunnar í 2. flokki kvenna við lið FH í Íslandsmóti í þeim aldursflokki. Meðal leikmanna sem FH tefldi fram í leiknum var eldri leikmaður sem lék með meistaraflokki FH gegn Stjörnunni mánudaginn 18. júlí síðastliðinn.

Umræddur leikmaður er Guðrún Höskuldsdóttir sem er fædd 1996. Samkvæmt leikskýrslu 2. flokks leiksins lék Guðrún allan leikinn. Samkvæmt leikskýrslu leiks meistaraflokks Stjórnunnar gegn FH kom Guðrún Höskuldsdóttir inná á 61 mínútu leiksins.

Í 33. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót nr. 3/2016 er kveðið á um að aldur þeirra sem hlutgengir eru til þátttöku í 2. flokki sé 19 ára á almanaksárinu og yngri en Guðrún Höskuldsdóttir er eldri.

Í 33. gr. er ákvæði til bráðabirgða 2016 svohljóðandi: „*Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20-22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1994, 1995 og 1996) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.*” Þar sem Guðrún Höskuldsdóttir lék með FH í næsta leik á undan þá er hún ekki gjaldgeng til að spila leikinn gegn Stjórnunni í 2. flokki. Lið FH var því ólöglega skipað í þeim leik.

Þess er krafist að ákvæði greinar 40.1 verði beitt þannig að leikurinn teljist tapaður fyrir FH 0-3. Af hálfu Stjórnunnar er ekki gerð krafa um að leikmaðurinn verði útskurðaður í leikbann sbr. grein 40.2.

Undantekningarákvæðið sem kveðið er á um í bráðabirgðaákvæðinu er afdráttarlaust. Um er að ræða hlutræna reglu sem tekur mið af hlutrænum staðreyndum, aldri leikmanna og þátttöku í leikjum. Ekkert svigrúm er til túlkunar og á engan hátt er gefið undir fótinn að leikmenn hafi þurft að skipa byrjunarlið í undanfarandi meistaraflokksleik. Skilyrði er afdráttarlaust, að hafa ekki leikið með meistaraflokki þar sem nefndur leikmaður er of gamall til að eiga rétt á að spila í 2. flokki og lék síðasta meistaraflokksleik á undan var ekki gjaldgeng.

Tilgangur bráðabirgðaákvæðisins er að skapa vettvang fyrir leikmenn sem eru ekki að komast að í meistaraflokki en vilja halda tryggð við sitt félag og eins og fyrir þá leikmenn sem eru að stíga upp úr meiðslum að spila sig í gang. Ákvæðinu er ekki ætlað að vera tæki til þess að liðum sé unnt að tefla fram meistaraflokksleikmönnum til að tryggja hagstæð úrslit eftir atvikum.

III

Niðurstaða:

Fram er komið í málinu að hið kærða félag hefur kosið að tjá sig ekki um kæratriði málsins og heldur af þeim sökum ekki uppi vörnum í málinu.

Ber því að taka báðar kröfur kæranda til greina með skírskotun til tilvitnaðara ákvæða kæranda. Úrslitum framangreinds leiks sem fram fór milli málsaðila í Íslandsmóti 2. flokks kvenna þann 21. júlí s.l. er breytt þannig að kærandi er dæmdur sigur með markatölunni 3-0 Fallist er einnig á kröfu kæranda um að sá leikmaður FH sem á í hlut, Guðrún Höskuldsdóttir, verði ekki útskurðaður í leikbann sbr. grein 40.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ekki verður hjá því komist að sekta hið kærða félag um kr. 15.000.- vegna framangreinds brots.

Úrskurðarorð:

Leikur Stjórnunnar og FH sem fram fór í Íslandsmóti 2. flokkskvemma þann 21. júlí s.l. er dæmdur tapaður fyrir FH 0-3. Leikmaður FH, Guðrún Höskuldsdóttir, sætir ekki leikbanni.

Knattspyrnudeild FH ber að greiða kr 15.000.- í sekt til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

[sign]

Helgi R. Magnússon

[sign]

Sigurður I Halldórsson

[sign]

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ er 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.